

**Hr. bæjarstjóri
Haraldur L. Haraldsson
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður.**

Efni: Ósk um viðræður

Borgarleikhúsið hefur í liðlega 25 ár verið rekið af Leikfélagi Reykjavíkur með öflugum stuðningi Reykjavíkurborgar. Leikhúsið er þekkt fyrir glæsilegt, menningarlegt og fjölbreytt starf sem landsmenn hafa notið í ríkum mæli. Lang stærsti hluti leikhúsgesta kemur frá höfuðborgarsvæðinu.

Það er vilji og von LR að önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins tengist rekstri leikhússins með beinum hætti. Með því móti væri hægt að efla rekstur Borgarleikhússins enn frekar til hagsbóta fyrir alla aðila. Í meðfylgjandi kynningarriti setur leikhúsið fram metnaðarfullar hugmyndir um með hvaða hætti hægt væri að auka þjónustu við höfuðborgarsvæðið.

Ávinningur er m.a. eftirfarandi:

- **Aðild að metnaðarfullri starfsemi**
- **Uppeldisleg áhrif með beinni tengingu við leikskóla og grunnskóla**
- **Afbreyting fyrir eldri borgara**
- **Enn öflugra Borgarleikhús - menningarlegur ávinningur íbúa**

Væntum við þess að hugmyndirnar verði teknar til skoðunar hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar og öðrum viðkomandi aðilum bæjarfélagsins og í framhaldi verði teknar upp viðræður við Borgarleikhúsið.

Allar nánari upplýsingar gefur Þorsteinn S. Ásmundsson, verkefnisstjóri þessa verkefnis, netfang: thorsteinn@borgarleikhus.is, sími 664 0450.

Reykjavík 31. október 2016

Virðingarfyllst,


Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri


Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

BORGARLEIKHÚSIÐ

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Leikfélag Reykjavíkur er ein elsta menningarstofnun landsins og var stofnað árið 1897. Félagið hefur því starfað í 119 ár, lengst af í lðnó en var falin umsjón og rekstur Borgarleikhússins þegar húsið opnaði árið 1989. Félagið var aðal hvataaðilinn að byggingu hússins og lagði umtalsverða fjármuni í framkvæmdina.

LR stendur fyrir umfangsmiklum og öflugum rekstri í Borgarleikhúsinu og er leikhúsið stærsta og fjölsóttasta leikhús landsins. Árlega eru um 20 - 25 leikverk á fjölonum sem sýnd eru samtals u.þ.b. 500 - 600 sinnum, gestafjöldi um 220 þús. manns á ári og hjá félaginu starfa að jafnaði rúmlega 200 manns.

Árleg velta félagsins er um 1,5 milljarður. Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg er um 600 m.kr. og sjálfsaflafé því um 900 m.kr. Auk þess leggur Reykjavíkurborg til húseign Borgarleikhússins. Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun og er rekstur þessarar metnaðarfullu starfsemi mikil áskorun frá ári til árs. Langstærsti hluti leikhúsgesta er af höfuðborgarsvæðinu og eru um 60% þeirra búsettir í Reykjavík en 40% í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Leikfélag Reykjavíkur ses. á í afar góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og í því sambandi njóta skólabörn Reykjavíkur sérstakrar aðstöðu í Borgarleikhúsinu. LR vill bjóða öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til samstarfs á svipuðum grundvelli með því að sveitarfélögin komi að rekstri leikhússins og um leið að tengja saman skóla og menningu með öflugum hætti.

LR leggur fram eftirfarandi tillögu til skoðunar og umræðu:

Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins gerist aðilar að rekstri Borgarleikhússins með árlegu umsömdu fjárframlagi. Samstafið verður svo unnið áfram í samstarfi beggja aðila en meðfylgjandi eru tillögur að nokkrum verkefnum sem við höfum verið að vinna að.

Leikskólabörnum boðið upp á heimsóknir árið um kring eftir nánara samkomulagi.

LEIKSKÓLABÖRN OG LEIKHÚSIÐ



„Ungur nemur, gamall temur“

Börn úr elstu deildum leikskóla aðildarsveitarfélaga Borgarleikhússins heimsækja leikhúsið tvisvar sinnum á vetri hverjum.

Sérúningur leiksýning og leikhústöfrar

Aðventusýning/ börnin hitta jólasveininn

Börnunum er boðið að sjá 40 mínútna sýningu sem er sérsniðin, skrifuð og æfð fyrir þetta tilefni. Markmiðið er að kynna fyrir börnunum töfra og tækniundur leikhússins ásamt góðri skemmtun og lærdómsríkum boðskap. Sýningin er hönnuð og flutt af tæknifólki Borgarleikhússins. Leynigestir oft m.a. leikarar hússins og dansarar ID. Gott tækifæri fyrir leikskólakennara að vinna með efnið og boðskapinn áfram þegar heim er komið.

Börnunum boðið á aðventunni að sjá sýninguna JÓLAFLÆKJA. Þetta er ný sýning sem Bergur Þór Ingólfsson semur og leikur. Saga um Einar sem alltaf er einn, líka á jólum. Hann finnur alltaf upp á einhverju til að gera einveruna áhugaverða og skemmtilega og beitir ímyndunaraflinu óspart til þess. Uppátækjasamur klaufabárður sem deyr ekki ráðalaus þó á ýmsu gangi. Litrík og falleg jólasýning.

Boðið upp á sýningar fyrir 5. bekk og 10. bekk ásamt heimsóknum og starfskynningum.

GRUNNSKÓLABÖRN OG LEIKHÚSIÐ



„Að vera eða ekki vera...“

Öllum börnum 5. bekkjar og 10. bekkjar aðildarsveitarfélaga Borgarleikhússins boðið í sannkallaða leikhússveislu þar sem boðið er upp á að kynnst töfrum leikhússins.

Hamlet litli: meistaraverk með augum barnsins.

Kynfræðsla Pörupilta: Erfiðu málin á skiljanlegan hátt.

Umræður og fyrirspurnir í lok sýninga.

5. bekkur.

Öllum nemendum 5. bekkjar boðið í heimsókn í Borgarleikhúsið. Dagskráin tekur um 3 klst. frá morgni og fram að hádegi. Nemendum boðið í skoðunarferð um töfraheim leikhússins að tjaldabaki í fylgd leiðsögumanna ásamt kennara sínum.

Í framhaldinu er nemendum boðið að sjá hina mögnuðu leiksýningu Hamlet litli, sem unnin er sérstaklega fyrir þennan aldurshóp. Að sýningu lokinni koma leikarar fram og bjóða upp á umræður með nemendum. Í lokin er myndataka af hópnum með leikurum í leikmyndinni.

10. bekkur.

Öllum nemendum 10. bekkjar ásamt kennara boðið á Kynfræðslu Pörupilta. Leikverkið er sérniðið fyrir þennan aldurshóp, uppistand og fræðsla og tekur um 45 mínútur í sýningu.

Pörupiltar eru þrjár leikkonur sem klæðast karlmannsgervi. Þær hafa slegið í gegn í þessum gervum með umfjöllun um samskipti kynjanna og ná einstaklega vel til unga fólksins.

Mikilvæg viðleitni til að nálgast kynfræðslu með skemmtilegum og uppbyggjandi hætti.

Eldri borgurum aðildarfélaga
boðið uppá sérstaka dagskrá.

ELDRI BORGARAR OG LEIKHÚSIÐ



Gamall temur það sem ungur nam.

Öllum eldri borgurum aðildarsveitarfélaga boðið í heimsókn í
Borgarleikhúsið í samstarfi við félagsmiðstöðvar eldri borgara.

Reviudagskrá

Skoðunarferð að tjaldabaki

Kaffi og spjall

Í samstarfi við félagsmiðstöðvar eldri borgara aðildarsveitarfélaga verður eldri borgurum boðið í Borgarleikhúsið að degi til einu sinni á vetri hverjum.

Borgarleikhúsið mun setja á svið sérstaka revíudagskrá sem sérsniðin verður af þessu tilefni. Boðið verður upp á skoðunarferðir um ævintýraheim leikhússins að tjaldabaki.

Í framhaldinu verður boðið upp á kaffisopa og létt leikhússpjall.

Leikhús fyrir alla, menningarlegur og metnaðarfullur lífstíll, gleði og fræðsla.

HÖFUÐBORGAR- SVÆÐIÐ OG LEIKHÚSIÐ



Öll veröldin er leiksvið!

Bein aðild aðildarsveitarfélaga að öflugri menningarstarfsemi Borgarleikhússins í þágu íbúa. Bein tenging menningar og skólastarfs með árangursríkum hætti.

Enn öflugra Borgarleikhús

Menntun og fræðsla

Máttarstólpar

Með fjárhagslega tryggðu leikhúsi verður áfram leitast við að veita íbúum aðildarsveitarfélaga leikhússins áskriftarkort og aðgöngumiða á lágmarksverði.

Boðið verður upp á heimsóknir og skoðunarferðir fyrir hópa úr viðkomandi sveitarfélagi árið um kring. Borgarleikhúsið rekur sérstaka fræðsludeild sem getur verið skólayfirvöldum til ráðgjafar og stuðnings.

Einni áhugamannaleiksýningu frá höfuðborgarsvæðinu verður boðið árlega til sýninga í Borgarleikhúsinu. Áhugamannafélögum býðst einnig ráðgjöf frá Borgarleikhúsinu skv. nánara samkomulagi.

Aðildarsveitarfélög kynnt á heimasíðu leikhússins sem "máttarstólpar Borgarleikhússins". Tengiliðir frá aðildarsveitarfélögum vinna í nánú samstarfi við fræðsludeild Borgarleikhússins til þess að þróa samstarfið. Mikilvægt að tengiliðir sjái þær sýningar LR sem eru á fjöllum leikhússins hverju sinni til þess að fylgjast með rekstrinum og þeim möguleikum sem bjóðast í tengslum við samstarfið.

Borgarleikhúsið. Stærsta og fjölsóttasta leikhús á Íslandi.

FJÁRHAGSLEG AÐKOMA AÐ BORGARLEIKHÚSINU

Velta Borgarleikhússins hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin. Aðsókn er um 220 þús. heimsóknir að stærstum hluta af höfuðborgarsvæðinu. Borgarleikhúsið er mikilvægur vinnustaður á höfuðborgarsvæðinu. Launagreiðslur yfir 1 ma.kr. á ári.

Með aðild að rekstri Borgarleikhússins skapast mikil tækifæri á vettvangi menningar og lista til hagsbótar fyrir íbúa, unga sem aldna.

Þess er vænst að sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins sameinist ásamt Reykjavík að efla enn frekar Borgarleikhúsið og nýta einskaka húsnæðisaðstöðu og fagþekkingu sem þar er m.a með beinni tengingu skóla við leiklistarmenningu í hæsta gæðaflokki.

Auk þeirra tillagna sem hér hafa verið nefndar er sjálfsagt mál að ræða og þróa samstarfið eins og kostur er. Borgarleikhúsið óskar eftir fundi til þess að ræða nánar um mögulegar útfærslur á samstarfsaðild og fjárhagslegri aðkomu.

Heildarvelta Borgarleikhússins s.l. 6 ár

